

**Kynning á kjarasamningum Byggiðnar við SA  
01.11.22-31.1.2024**

- **Gildistími 01.11.22-31.1.2024**
- **Almenn launahækkun 6,75% hækkun. (að hámarki 66.000 kr)**
  - **Sem þýðir dagvinnulaun upp að 977.779 kr fá almenna hækkun.**
  - **Þau sem eru með hærri dagvinnulaun fá 66.000 kr**
  - **Hagvaxtarauki fellur niður**
- **Desember- og orlofsuppbót 2023 hækka í 103.000 kr. (98.000) og orlofsuppbót 56.000 kr. (53.000)**
- **Almennir launaliðir hækka um 5% (t.d fata- og skópeningar)**
- **Ný tafla með kauptaxta**
- **Hámarksdagvinnutími iðn- og tæknifólks verður 36 klst frá 31.1.2024**
  - **Fram að þeim tíma þarf félagsfólk að kjósa inn á vinnustöðum til að stytta vinnuvikuna í 36,25 klst á viku**

# Taxtahækkanir

- Lágmarkslaun sveina hækka um að lágmarki 46.000 kr
- Starfsaldurshækkanir eftir 1 og 3 ár í starfsgrein
- Sem hækkar taxa sveins eftir 3 ár í starfsgrein um 56.779 kr
- Hlutfall heldur sér á milli annara taxa
- Nemataxtar 25.000 kr að lágmarki

# Launatafla Byggiðnar og SA

Aðstoðarfólk	Fyrir hækkun	Eftir hækkun	Samtals
Byrjunarlaun	367.820	404.400	36.580
1 ár	371.409	410.199	38.790
3 ár	375.107	418.172	43.065
5 ár í sama fyrirtæki	379.030	428.588	49.558
Sérhæft aðstoðarfólk			
Byrjunarlaun	375.760	413.130	37.370
1 ár	376.987	416.360	39.373
3 ár	379.590	423.170	43.580
5 ár	383.499	433.641	50.142
Iðnaðarmenn án sveinsprófs			
Byrjunarlaun	431.668	475.738	44.070
1 ár	431.668	480.495	48.827
Sveinar			
Byrjunarlaun	482.598	528.598	46.000
1 ár	482.598	533.884	51.286
3 ár	482.598	539.223	56.625
5 ára sveinspróf og meistararéttindi			
	502.522	550.421	47.899
Starfsþjálfunarnemar			
fyrstu 6 mánuði	367.354	392.354	25.000
Eftir 6 mánuði	378.005	403.520	25.515

# Launatafla Byggiðnar og félags pípulagningarmanna

Launataxtar félags pípulagningameistara			
Byrjunarlaun sveins	Fyrir hækkun	Eftir hækkun	Samtals
Byrjunarlaun	553.015	590.344	37.329
1 ár	565.136	601.148	36.012
3 ár	573.509	612.221	38.712
5 ár	584.142	623.572	39.430
7 ár	595.040	635.205	40.165
2 sveinsbréf., verkst. II o.fl	615.212	647.131	31.919
Aðstoðarverkstjóri o.fl	625.212	656.739	31.527
Verkstjóri 1	635.212	667.089	31.877
	645.212	678.089	32.877
		688.764	
Launaflokkur 2	453.225	490.557	37.332
	453.228	480.495	27.267
Iðnemar			
Fyrstu 12 vikurnar	381.094	406.818	25.724
Næstu 12 vikurnar	394.916	421.573	26.657
Eftir 24 vikur	408.735	436.325	27.590
	502.522	550.421	47.899
Starfsþjálfunarnemar			
fyrstu 6 mánuði	367.354	392.354	25.000
Eftir 6 mánuði	378.005	403.520	25.515

# Launatafla Byggiðnar og meistarasamningur byggingamanna

Launataxtar meistarafélaga í byggingariðnaði			
Sveinar	Fyrir hækkun	Eftir hækkun	Samtals
Byrjunarlaun	496.704	542.704	46.000
3 ár	496.704	553.558	56.854
Lágmarkstaxti viðgerðarvinnu	517.165	561.347	44.182
Lágmarkstaxti með faglega ábyrgð	517.165	565.060	47.895
eða meistarapróf eða tvö	520.333	563.049	42.716
sveinspróf sem nýtast í starfi	530.071	573.805	43.734
	540.147	584.932	44.785
	550.571	596.445	45874
	561.356	608.357	47001
	572.514	620.679	48.165
	584.057	633.093	49.036

## Fylgiskjal

### Verkátlan

Með framlengingu Lífskjarasamningsins til 31. janúar 2024 er viðræðum um önnur atriði en launalið í kröfugerð aðila frestað. Aðilar eru sammála um að hefja viðræður um aðrar kröfur eins og fram kemur í meðfylgjandi töflu.

Fyrsti fundur hvers hóps verði boðaður í húsakynnum ríkissáttasemjara þar sem vinna hópsins verður skipulögð, metið verði umfang verkefnis og þörf á undirhópum. Gengið verði frá fundaáætlun sem miðast við það að verkefni vinnuhópanna verð lokið í samræmi við þá tímasetningu sem kemur fram í verkátlan.

Hvor aðili getur óskað eftir liðsinni ríkissáttasemjara við fundarstjórn, ef þörf er á.

Verkefni	Verkefni hefst	Verkefni lýkur
Kjarasamningur fyrir tæknigreinar	Er hafið	Október 2023
Vinna við bókanir, einföldun og samræming	Er hafið	Nóvember 2023
Vinnutími, sveigjanleiki, fjarvinna og réttur til að aftengjast	7. mars 2023	Desember 2023
Vaktavinna	7. febrúar 2023	Desember 2023
Ákvæðisvinna	14. febrúar 2023	Júní 2023
Önnur mál (veikindi, iðnnemar, launakerfi, verkefnaráðningar, flutningslína o.fl. )	14. mars 2023	Desember 2023

## Sameiginleg yfirlýsing Samtaka atvinnulífsins annars vegar og VR-LÍV auk félaga iðnaðarmanna hins vegar

Samningsaðilar skipa sameiginlegan starfshóp sem hefur það hlutverk að fylgjast með framvindu efnahagsmála, þróunar verðlags og undirliggjandi þátta. Starfshópurinn skal skipaður tveimur fulltrúum tilnefndum af SA og tveimur fulltrúum sameiginlega af samninganefndum þeirra stéttarféлага sem aðild eiga að þessari yfirlýsingu. Starfshópurinn mun funda mánaðarlega auk þess að funda ársfjórðungslega með fulltrúum Seðlabanka Íslands, fjármála- og efnahagsráðuneytis, Hagstofu Íslands auk innviðaráðuneytisins vegna húsnæðismála. Jafnframt er hlutverk hópsins að stuðla að betri upplýsingagjöf til neytenda til að auka samkeppni. Á fundum hópsins verður farið með ítarlegum hætti yfir þróun verðlags á tímabilinu og mat aðila á þróun næstu missera.

Samningsaðilar hafa við samningsgerð horft til spár Seðlabanka Íslands um verðbólguþróun og aðrar hagstærðir. Verði þróun verðbólgu með þeim hætti að teljast verður líklegt að forsendur sem liggja að baki kjarasamningum gangi ekki eftir mun starfshópurinn greina nánar orsakir neikvæðrar þróunar og getur óskað eftir skýringum á breytingum á t.a.m. ákveðnum vörflokkum, þróun eldsneytisverðs og gjaldskrá bankna. Verði óútskýrð frávik frá viðmiðum getur starfshópurinn sent frá sér sameiginlega yfirlýsingu þar sem beint er tilmælum til einstakra markaða að gæta þurfi að verðhækkunum, auk þess að óska eftir viðbrögðum frá hinu opinbera krefjist aðstæður þess.

Þá skipa aðilar sérstaka forsendunefnd sem skipuð er fjórum fulltrúum og er skipuð með sama hætti og kveðið er á um í 1. mgr. Verði þróun efnahagsmála með þeim hætti að forsendunefnd meti að forsendur um þróun verðlags hafi brostið verður kallað til sérstaks fundar þar sem rædd verða viðbrögð aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda.

Reykjavík, 12. desember 2022



# Kosning um kjarasamninga

- Atkvæðagreiðslur verða rafrænar og fara í gegnum heimasíður félaganna á "mínum síðum"
- Miðvikudaginn 14.12.22 byrjar atkvæðagreiðslan.
- Hvert félag kys sér. En hjá RSÍ fara fram þrjár atkvæðagreiðslur. Sveinafélög, tæknifólk og Grafía kys í sitthvoru lagi.

# Stjórnvöld

- Uppbygging 35 þúsund íbúða á næstu 10 árum gegnum rammisamkomulag ríkis og sveitarfélaga
- Þriðjungur verða óhagnaðadrifnar íbúðir á viðráðanlegu verði og 5% félagslegar íbúðir
- Stofnframlög ríkisins til uppbyggingar í almenna íbúðakerfinu verða 4 milljarðar á árinu 2023
- Heimildir lífeyrissjóða til uppbyggingar húsnæðis til útleigu verða teknar til endurskoðunar
- Húsnæðisbætur hækka um 13,8% í byrjun árs 2023 og tekjuskerðingamörk hækka um 7,4%
- Eignaskerðingamörk í vaxtabótakerfinu hækka um 50% til að mæta hækkun eignaverðs undanfarin ár

# Stjórnvöld

- Barnabótakerfið verður einfaldað og stuðningur við barnafjölskyldur aukinn um 5 milljarða
- Um 2.900 fleiri fjölskyldur munu fá greiddar barnabætur.
- Stuðningur til aðhalds á neytendamarkaði og eftirlits með verðlagi.
- Greiðslur og fjárhæðir í fæðingarorlofi og ábyrgðarsjóði launa verða teknar til endurskoðunar.
- Mat verður lagt á tekjuöflun sjóða vinnumarkaðarins til að tryggja fjármögnun þeirra réttinda.
- Nefnd um heildarendurskoðun atvinnuleysistrygginga skal ljúka vinnu sinni eigi síðar en í lok apríl 2023. Unnið verður að innleiðingu á umbótum í atvinnuleysistryggingakerfinu á samningstímanum í samræmi við tillögur nefndarinnar.
- Málefni og fjármögnun vinnustaðanámssjóðs verði tekin til endurskoðunar í tengslum við gerð fjármálaáætlunar á árinu 2023 til að styðja við markmið um aukið vægi starfsnáms.